



Reykjavík, 6. febrúar 2024

MSS22030131

Borgarráð

### **Tilnefning fulltrúa í Vestnorræna höfuðborgarsjóðinn Nuuk-Reykjavík-Tórshavn**

Lagt er til að borgarráð samþykki að tilefna Einar Þorsteinsson, borgarstjóra, í stjórn Vestnorræna höfuðborgarsjóðsins Nuuk-Reykjavík-Tórshavn til loka kjörtímabilsins.

#### *Greinargerð:*

Þann 23. júní 2022 tilnefndi borgarráð þáverandi borgarstjóra Dag B. Eggertsson og þau Dóru Björt Guðjónsdóttur og Kjartan Magnússon borgarfulltrúa í stjórn Vestnorræna höfuðborgarsjóðsins f.h. Reykjavíkurborgar til loka kjörtímabilsins 2022-2026.

Nú hafa orðið borgarstjóraskipti en reglur sjóðsins kveða á um að stjórn sé skipuð borgarstjórum höfuðborganna þriggja ásamt tveimur kjörnum fulltrúum frá hverri borg.

Stjórnin fundar einu sinni á ári, til skiptis í höfuðborgunum þremur, og úthlutar styrkjum ársins. Næsti stjórnarfundur verður í Tórshavn, en stjórnarfundir eru venjulega haldnir að vori eða snemma sumars, í maí eða júní.

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri



**Reykjavík**